Umhverfisstofnun
Áb. SF B.
13 JAN. 2003
Tilv. UST20030100076

UST
Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

9. janúar 2003
BS

**Efni: Sjóvarnargarður á um 30 m kafla milli gömlu hafnarinnar og samkomuhússins á Eyrarbakka. Matsskylda**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. desember 2002 þar sem leitað er álits á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að þar sem um er að ræða endurgerð og viðbót við garð sem fyrir er sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Fjaran við Eyrarbakka er á náttúruminjaskrá, en þar sem framkvæmdasvæðið er ofan fjörunnar er ekki ástæða til að ætla að henni verði raskað.

Umhverfisstofnun vill benda á að þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er á náttúruminjaskrá ber að leita umsagnar stofnunarinnar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdinni.

Virðingarfyllst,

Helgi Jensson
forstöðumaður

Björn Stefánsson
sérfræðingur

Afrit: Siglingastofnun